

Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur  
Bjarni Reykjalín  
Kjarna, 650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 7. október 2013  
Tilvísun: UST20130900165/bk

### Hitaveitulögn frá dæluhúsi við Gautlönd að væntanlegu hóteli í landi Arnarvatns.

Þann 18. september 2013 barst Umhverfisstofnun umsókn um leyfi frá Bjarna Reykjalín skipulags- og byggingafulltrúa Skútustaðahrepps fyrir hönd framkvæmdaraðila til að leggja hitaveitulögn frá núverandi dæluhúsi við Gautlönd að væntanlegu hóteli í landi Arnarvatns í Mývatnssveit.

Framkvæmdin er að hluta innan þess svæðis sem er verndað skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Í reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í suður-Þingeyjarsýslu segir:

„leita skal leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfisumsókn samkvæmt grein þessari. Einnig skal leita umsagnar umráðamanna landareigna sem ekki eru í ríkiseigu“.


Það samráð hefur átt sér stað.


Umhverfisstofnun veitir hérn með leyfi fyrir framkvæmdinni með eftirfarandi skilyrðum.

- Að frágangur framkvæmdarinnar verði vandaður.
- Að komið verði í veg fyrir óþarfa rask utan framkvæmdarsvæðisins, sérstaklega votlendissvæðum.
- Að framkvæmdin eigi sér stað utan varptíma.
- Að sérfræðingi Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit sé tilkynnt um hvenær helstu framkvæmdir eigi sér stað.
- Að framkvæmdaraðili borgi eina eftirlitsferð Umhverfisstofnunar með framkvæmdinni. Innheimt gjald er samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar 10.600 kr klst.

Umhverfisstofnun telur að ef farið verði eftir ofangreindum skilyrðum muni framkvæmdin ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi þess svæðis sem verndað er með lögum nr. 97/2004 um verndun Mývants- og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

  
Bergþóra Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur